

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m<sup>3</sup>.

7. gr. orðist þannig:

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 170,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 743 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 620/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 767.

24. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973, með síðari breytingum.**

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 56,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil og kr. 84,00 á mánuði fyrir hvern mæli.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 112,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils og kr. 5,15 fyrir hvert tonn um mæli.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 768.

24. nóvember 1981.

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977, með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: